

SKÝR

fyrirmæli

...og óskýr fyrirmæli

Skýr fyrirmæli auka líkur á samstarfsvilja barnsins.

Skýr fyrirmæli segja til hvers er ætlast, hvenær og hvernig.

Til þess að fyrirmæli séu SKÝR er mikilvægt að:

Vera nálægt þeim sem talað er við

Mynda augnsamband

Vera nákvæmur og ákveðinn

Vera vingjarnlegur

Halda athygli þess sem talað er við

Vera kurteis

Nota staðhæfingar

Segja viðkomandi hvað hann eigi að gera

Forðast rökræður

Velja hentugan tíma til að gefa fyrirmælin

Fylgja fyrirmælum eftir

ÓSKÝR

...fyrirmæli einkennast af:

Fjarlægð

Nöldri

Orðgnótt -óljósum fyrirmælum

Neikvæðum tilfinningum

Ónógri athygli

Ókurteisi

Spurningum

Sífelldum tilmælum um hvað eigi ekki að gera

Hótunum og ögrunum

Fyrirmælum er ekki fylgt eftir

Dæmi...

...um skýr og óskýr fyrirmæli

Óskýr fyrirmæli

Farðu nú að byrja á heimaverkefnnunum.

Hversu ogf þarf ég að segja þér að herbergið þitt er hræðilega draslaralegt?

Anna (kallar úr eldhúsinu).
Taktu skóna og bækurnar sem þú hefur fleygt á ganginn
NÚNA!

Viltu brjóta saman fötin?

Geturðu ekki bara gert eins og ég segi? Vertu góður strákur og gerðu eins og pabbi segir?

Skýr fyrirmæli

Nonni minn, byrjaðu á heimaverkefnnunum.

Nonni minn, taktu til í herberginu þínu núna.

Anna mín, settu skóna og bækurnar inn í herbergið þitt núna

Siggi minn brjóttu fötin þín saman núna.

Gjörðu svo vel og sestu strax við matarborðið.